



Fregnir

Soroptimistasamband Íslands 46. árg. september 2020 n. 122





HVATNING SOROPTIMISTA

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

MARKMIÐ SOROPTIMISTA

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

SOROPTIMISTAR SKULU BEITA SÉR FYRIR:

Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi.
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu.



Ritnefnd, frá vinstri: María Karlsdóttir, Guðný Hinriksdóttir, Kristjana Jónsdóttir ritstjóri, Svanfríður Hjaltadóttir, Eiríka Ásgrímsdóttir og Sigrún Arnardóttir.

Fregnir er mál gagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í desemberblað Fregna.

Vinsamlegast sendið efni til nýs ritstjóra, Sigríðar Ingu Sigurðardóttur á netfangið fregnir@soroptimist.is fyrir 1. nóvember.

Forsíðumynd: Frá Heiðmörk. Ljósmynd © Mats Wibe Lund.

Eiginkona Mats Wibe Lund var Arndís Ellertsdóttir, stofnfélagi í Árbæjar-klúbbnum, sem tók virkan þátt í starfi hans þar til hún lést árið 2015.

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@kompanhonnun.is

Prófarkalestur: Jón Baldvin Halldórsson.

Kæru systur

*Sumri hallar, hausta fer,
heyri snjallir ýtar,
hafa fjallahnjúkarnir
húfur mjallahvítar.*

Svo segir í gamalli íslenskri þjóðvísu. Þessi vísa á við þessa dagana, sumarið er búið að missa tökin og haustið tekið við. Breytingar eru einnig hjá okkur í ritnefndinni en síðasta blað okkar er nú að líta dagsins ljós. Árin tvö hafa verið fljót að líða og erum við svo sannarlega reynslunni ríkari. Við vissum lítið um útgáfu blaða en höfum lært margt og umfram allt hefur þessi tími verið skemmtilegur og gefandi. Við munum sakna spenningsins kringum blaðaútgáfuna og samráðsfundanna okkar. Efni blaðanna hefur vonandi endurspeglað það sem gerist í heimi íslenskra Soroptimista ásamt því að gefa innsýn í alþjóðastarfið.

Við höfðum smá áhyggjur af því þegar undirbúningur þessa blaðs hófst að erfitt gæti orðið að afla efnis þar sem margir viðburðir hafa verið felldir niður hjá klúbbum en sú var ekki raunin.

Eins og vanalega er nóg að gera hjá Soroptimistum, meðal efnis í blaðinu er grein um afmæli Kópavogssystra, frásögn af e-klúbbnum, mentorverkefninu og frétt frá sendifulltrúum. Pistill frá Ingibjörgu forseta sem nú er að senda keflið áfram til nýs forseta, Guðrúnar Láru Magnúsdóttur, er að venju hvetjandi og áhugaverður. Í vorblaðinu fengum við að kynnast merkilegu lífi elstu systur okkar sem þá varð 100 ára og í þessu blaði birtum við minningarorð klúbbsystra hennar. Svona er lífið. Það er gleðilegt að Soroptimistar hafi tök á að styrkja viðkvæm málefni eins og ofbeldi í samfélaginu en styrkur samtakanna til Bjarkarhlíðar og hið metnaðarfulla verkefni Suðurlandssystra, Sigurhæðir, eru mikilvægir þættir í hinni miklu baráttu við úrrýmingu þess.

Kærar þakkir fyrir samstarfið kæru systur! Þið hafið verið duglegar að senda okkur fróðlegt og áhugavert efni og sérstaklega viljum við þakka stjórn sambandsins og forseta fyrir þeirra liðveislu.

Við Árbæjarsystur í ritnefnd Fregna þökkum ykkur öllum fyrir samfylgdina síðastliðin ár um leið og við óskum arftökum okkar í Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbsi velfarnaðar.

Takk fyrir okkur.

Með systrakveðju

Eiríka, Guðný, Kristjana, María, Sigrún og Svanfríður



*Jörðin er hnöttótt
og þar sem þér sýnist
ferðin enda
gæti hún allt eins
verið að byrja.*

Ivy Baker Priest (1905-1975)



*Ingibjörg Jónasdóttir
forseti SIÍ 2018-2020*

Kæru systur,

Nú líður að lokum starfstímabils míns sem forseti Landsambands Soroptimista á Íslandi. Þetta hefur verið mjög ánægjulegur tími og er ég afar þakklát klúbbum mínum, Bakka og Selja, að hafa hvatt mig til að taka að mér þetta verkefni. Það er sem betur fer ekki alveg búið og enn mörg verkefni í pípunum en síðan verður líka gaman að vera aftur á hliðarlínunni og fylgjast með blómlegu starfi klúbba og embættismanna SIÍ. Enda er starf forseta að hvetja og fá systur í lið með sér. Þetta er allt samvinna og ég er afar þakklát öllum þeim sem ég hef fengið að kynnast og vinna með.

Vel tókst til við fyrsta verkefnið sem teymi talskvenna í Evrópu stóð að. Undir forystu Maríu Bjarkar Ingvadóttur, talskonu okkar, roðagylltum við sannarlega heiminn. Gaman var að sjá hve hugmyndaþróun klúbbarinn voru og tóku margir mjög virkan þátt í verkefninu. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna ætluðum við að gera okkur aftur sýnilegar 8. mars „Allar sem ein“ og merkja okkur fjólubláa litnum. Sumir klúbbar náðu því áður en kórónuveiran setti strik í reikninginn. En við náðum að deila og fylgjast með því hve mikla umfjöllun þessi dagur fékk í þjóðfélags-umræðunni sem er af því góða. Það er enn verk að vinna.

Við höldum áfram að styrkja hið góða starf sem verið er að inna af hendi í þjóðfélaginu gegn ofbeldi og styrktum Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, á kvennadaginn 19. júní. Þar styrkjum við m.a. þýðingu á myndböndum sem hafa verið gerð um rauðu ljósin og var dreift meðal Soroptimista í Evrópu.

Verkefnastjórar SIÍ hafa verið ótular að vera í sambandi við klúbba og natnir að aðstoða við útfyllingu á PFR skýrslum en það er afar mikilvægt að við látum vita um

verkefni okkar á Evrópuvísu. Það eru svo mörg verkefni í farvatninu hér og finnum við í stjórn SIÍ vel hve öflugt starf er unnið í klúbbum landsins. En mikilvægt er líka að fylgjast með hvað verið er að gera úti í heimi og sjá hve við tilheyrum öflugum samtökum á alheimsvísu.

Sendifulltrúar ásamt laganefnd fylgjast vel með þeim lagabreytingum sem standa fyrir í SIE og kynna þær fyrir fulltrúum. Þeim seinkar eitthvað nú vegna ástandsins í heiminum en það er mikilvægt að umræðan sé virk og við tilbúnar að takast á við þær breytingar sem eru í farvatninu.

Vefurinn er að taka á sig æ betri mynd en verður áfram í stöðugri þróun og hvet ég systur til að hafa samband við vefstjóra og ritnefnd ef þær hafa tillögur um breytingar eða ef eitthvað vantar. Þetta er vefur okkar allra og við eigum allar að hafa skoðun á honum eins og öllum málefnum okkar.

Mentorverkefnið fór af stað í vor og buðu þrjár systur sig fram til að verða mentorar fyrir SNLA (Soroptimist Nordic Leadership Academy) stúlkurnar. Við einbeitum okkur nú að erlendum konum í samfélaginu. Hvernig getum við stutt þær til að að fóta sig í íslensku samfélagi? Það ætti að vera auðvelt í okkar starfsgreinatengslaneti en við erum í samvinnu við ýmsa aðila sem hafa tengingu í þeirra raðir. Ekki hafa síðustu mánuðir gert líf erlendra kvenna auðveldara.

Ég þakka ykkur góða viðkyrningu og samstarf og sendi ykkur og fjölskyldum ykkar bestu óskir um bjarta framtíð.

*Ingibjörg Jónasdóttir
forseti SIÍ 2018-2020*



SIGURHÆÐIR VERÐA AÐ VERULEIKA

Til þess að framkvæma hið ómögulega þarf manni fyrst að detta í hug eitthvað óhugsandi

Þessi orð fékk ég send frá Ingibjörgu forseta okkar um daginn þegar ég sagði henni að verkefnið okkar, Sigurhæðir, yrði að veruleika. Við í Soroptimistaklúbbi Suðurlands höfum gengið með það í maganum frá því snemma í vor, notað sumarið til að melta það og kannað undirtektir hjá væntanlegum samstarfsaðilum sem við teljum algera nauðsyn á að leggist á árar með okkur. Mánudaginn 14. september sl. samþykkti svo allur klúbburinn einróma að ráðast í verkefnið að tillögu stjórnar.

Í HVERJU FELST VERKEFNIÐ?

Sigurhæðir er 2-3 ára tilraunaverkefni sem snýst um að koma á fót úrræði fyrir stúlkur og konur á Suðurlandi til að vinna sig frá áhrifum kynbundins ofbeldis, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt. Þeim verður boðið upp á sérhæfða áfallameðferð hjá sálfræðingi, samband við markþjálfara, hópastarf og fræðslu. Þar sem um tilraunaverkefni er að ræða þá er mikilvægt að faglegt mat fari fram á verkefninu og verður sá þáttur í höndum Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri verður ráðinn og skipuð verður sérstök verkefnisstjórn.

MIKIL ÞÖRF Á SUNNLENSKU ÚRRÆÐI

Um langa hríð hefur verið ljóst að það er ekki nægilegt að úrræði á þessu sviði sé til staðar hjá Stígamótum í Reykjavík og síðari ár einnig hjá Aflinu á Akureyri. Það hentar ekki endilega sunnleenskum stúlkum og konum að keyra reglulega langan veg til að sækja aðstoð. Þessi þjónusta þarf að vera á heimaslóðum til að tryggt sé að aðgengi að henni sé gott. Þá er þjónusta sem í boði er í sífelldri þróun, eins og Bjarkarhlíð er dæmi um en þar koma margir aðilar að þjónustunni ásamt ríki og Reykjavíkurborg. Og þótt enginn geti nefnt neinar tölur með vissu um hversu margar konur gætu þurft á þessu úrræði að halda er það hafið yfir allan vafa að Suðurland sker sig að engu leyti úr hvað varðar tíðni eða alvarleika kynbundins ofbeldis í öllum myndum.



Við þorum, getum og viljum. Hildur kynnir Sigurhæðir á fundi Soroptimistaklúbbs Suðurlands 14. september sl.

SAMFÉLAGSLEGT ÁTAK

Í sumar var leitað til félagsmálanefndar Árborgar til að kanna áhuga sveitarfélagsins á að taka saman höndum með okkur Soroptimistum um þetta verkefni. Undirtektir voru framar öllum vonum og frá sjónarhóli sveitarfélagsins felst mikill ávinningur í frumkvæði og samstarfi við grasrótsamtök og íbúa í sveitarfélaginu. Í bígerð er að verkefnið fari á fjárhagsáætlun Árborgar fyrir árið 2021 og hefur sveitarfélagið einnig gefið fyrirheit um húsnæði fyrir verkefnið. Í þessu felst risaáfangi og tryggja þessar ákvarðanir Árborgar í raun að af verkefninu verður. Þegar hefur verið leitað eftir samstarfi við velferðarþjónustu Árnesþings, félagsþjónustu Rangárþings og Vestmannaeyjabæ en fyrir dyrum stendur að leita styrkja hjá fleiri opinberum aðilum s.s. sjóðum og ráðuneytum auk þess sem Soroptimistar munu snúa sér til sterkra og samfélagslega meðvitaðra fyrirtækja á Suðurlandi.



LANDSSAMBANDSFUNDUR SOROPTIMISTA 2020

JÚNÍ 2020

Landssambandsfundur Soroptimistasambands Íslands var að þessu sinni veffundur haldinn laugardaginn 6. júní 2020 í sal Bláðamannafélagsins, Síðumúla 23, að viðstaddri stjórn, embættismönnum og þeim sem aðstoðuðu við fundinn. Fulltrúar voru á zoomfundi í sinni heimabyggð en systur söfnuðust víða saman fyrir framan skjái og hlustuðu á streymi fundarins.

Ingibjörg Jónasdóttir forseti setti fundinn, kveikt var á kertum og lesin markmið og hvatning samtakanna. Óskar Bergþórsdóttur annars varaforseta var minnst en hún lést í janúar 2020.

Venjuleg aðalfundarstörf fóru fram í gegnum zoom. Fundarstjóri var Alma Guðmundsdóttir og zoomfundi stýrði Margrét Elísabet Hjartardóttir sem taldi einnig atkvæði. Fundarritari var Sigríður Inga Sigurðardóttir og Þóra Guðnadóttir tók á móti spurningum sem sendar voru inn á fundinn.

Fundurinn gekk greiðlega og stóðu fulltrúar sig afar vel í þessu nýja umhverfi. Þeir mættu vel undirbúnir á þennan fund og afgreiddu mál landssambandsins skipulega, en athugasemdir og atriði til umræðu voru sendar inn fyrirfram.

Eftir stutt hlé tók forseti aftur til máls og fór yfir málaflökka núverandi stjórnar landssambandsins og embættismanna. Fréttir um þessi málefni eru á innri vef okkar og eru félagskonur hvattar til að kynna sér þau vel. Verkefnastjóri var með kynningu á flokkun verkefna klúbba og hvernig þau falla undir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Talskona ræddi um samstarf við Evrópulöndin, sameiginleg átaksverkefni um ofbeldi gegn konum og framtíðarsýn okkar um hvernig við látum í okkur heyra.

Að þessu sinni voru ekki fundir með embættismönnum klúbba, en veffundir verða í september. Gögn og kynningar af fundinum eru á innri vef undir Fundir.

Stjórn 2019-2020, Ingibjörg Jónasdóttir forseti, Valgerður Þórðardóttir ritari, Jóna Th. Viðarsdóttir gjaldkeri, Alma Guðmundsdóttir fyrsti varaforseti og María Björk Ingvadóttir annar varaforseti.

BÆTUM HEIMINN – BREYTUM HEIMA

Sigurhæðir falla einkar vel að tilgangi og markmiðum Soroptimista, bæði heima og á heimsvísu. Í verkefnalýsingu sem kynnt verður væntanlegum samstarfsaðilum og styrkveitendum er samhengi verkefnisins við heimabyggð, landssamtök okkar, alþjóðasamtök og Sameinuðu þjóðirnar skýrt með eftirfarandi hætti:

Soroptimistaklúbbur Suðurlands er hluti af Landssambandi Soroptimista á Íslandi og var stofnaður árið 2009. Meðal helstu markmiða Soroptimista á Selfossi sem og annars staðar er að vinna að bættri stöðu kvenna, jafnrétti, framförum og friði og gera það með því að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi.

Árið 2017 samþykktu Alþjóðasamtök Soroptimista (Soroptimist International), sem Ísland á aðild að, að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en þau voru samþykkt á þeim vettvangi tveimur árum fyrr. Þau eru 17 talsins og spanna sjálfbæra þróun á sviði efnahags-, umhverfis- og félagsmála. Markmiðin ná yfir lífvænleika jarðarinnar, mannkynið sjálft, hagsæld, frið og samstarf milli manna, félagasamtaka, stofnana og þjóða. Þessi markmiðasetning alþjóðasamfélagsins nær til ársins 2030.

Soroptimistar hafa sett þrjú þessara markmiða í forgang í starfi sínu. Þau snúa að menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna og hreinu vatni ásamt viðunandi hreinlætisaðstöðu fyrir alla jarðarbúa. Þessi markmið tengjast öll. Jafnframt hafa Soroptimistar lagt mikla áherslu á að vinna að valdeflingu ungra stúlkna og kvenna á öllum sviðum samfélagsins. Sú áhersla tengist óhjákvæmilega baráttu gegn hvers konar ofbeldi, einkum kynbundnu ofbeldi í öllum myndum og baráttu fyrir efnahagslegu sjálfstæði kvenna.

Með þessu verkefni sem hér er lýst, Sigurhæðum, vilja Soroptimistar á Suðurlandi leggja heimabyggð lið, valdefla stúlkur og ungar konur sem vilja vinna sig frá áhrifum kynbundins ofbeldis og starfa þannig í anda Soroptimista um allan heim og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

*Hildur Jónsdóttir
verkefnisstjóri Sigurhæða*



SOROPTIMISTAKLÚBBUR KÓPAVOGS 45 ára

Þann 4. júní 2020 varð Soroptimistaklúbbur Kópavogs 45 ára. Í tilefni afmælisins komum við systur saman og gerðum okkur glaðan dag á klúbbfundi þann 8. júní. Fjölmennt var á fundinum og systur ákaflega glaðar að geta loksins hist og notið samveru eftir að hafa verið í fundasveldi frá því í febrúar af völdum heimsfaraldurs kórónaveirunnar. Allra sóttvarnaregla var gætt á fundinum.

Á fundinum var bókin um sögu Sunnuhlíðarsamtakanna kynnt. Starfsemi Sunnuhlíðarsamtakanna hefur löngum verið samofin starfi Soroptimistaklúbbs Kópavogs eða allt frá árinu 1979 þegar systur í Kópavogsklúbbi stóðu að stofnun samtakanna ásamt öðrum klúbbum og félagasamtökum í Kópavogi. Úr þessu samstarfi varð uppbygging hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar að veruleika og hefur Soroptimistaklúbbur Kópavogs styrkt starfsemina frá upphafi til þessa dags.

Soroptimistaklúbbur Kópavogs telur nú 51 systur. Við systur lítum björtum augum fram á við og hlökkum til verkefna framtíðarinnar í þágu samfélagsins; í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi.

Eins og Megas syngur: „Ef þú smælur framan í heiminn – þá smælur heimurinn framan í þig.“

Nánari upplýsingar um klúbbinn má sjá á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.systur.is/kopavogur/index.php/services/38-um-klubbinn>

Signý Þórðardóttir
formaður Soroptimistaklúbbs Kópavogs



Hápunktur þessa góða afmælisfundar var inntaka fjögurra nýrra systra sem klúbburinn tekur fagnandi.



Systur nutu hátíðarkvöldverðar, tóku lagið, sögðu skriftur og höfðu gaman saman.



Á fundinn kom fulltrúi frá bókasafni Kópavogs og færði klúbbnum gjafir frá bókasafninu í þakkarskyni fyrir útkeyrslu bóka í heimahús en það verkefni hafa klúbbsystur séð um undanfarin 3 ár með mikilli ánægju.



SOROPTIMISTASYSTUR TAKA ÞÁTT Í BARÁTTUNNI GEGN OFBELDI



Í sumar tók teymisstjóri Bjarkarhlíðar við styrk úr forseta-sjóði Soroptimista. Styrknum er ætlað að styðja við Evrópuráðstefnu Family Justice Center sem fyrirhuguð var í nóvember 2020 á Íslandi. Ráðstefnunni hefur verið frestað vegna áhrifa Covid-19 en stefnt á að halda að ári liðnu. Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, ásamt Bjarmahlíð á Akureyri eru aðilar að Evrópu-samtökunum EFJC. Soroptimistar í Evrópu styrktu síðustu ráðstefnu sem haldin var í Antwerpen 2019. Enn fremur á styrkurinn að fjármagna þýðingu á 5 myndböndum yfir á pólsku en myndböndin tilheyra herferð og vitundarvakningu um ofbeldi og nefnast „Þekktu rauðu ljósin.“

Bjarkarhlíð hóf starfsemi sína 2. mars 2017 sem tilrauna-verkefni en frá 1. janúar 2019 hefur starfsemin verið tryggð sem varanlegt úrræði fyrir þolendur ofbeldis. Bjarkarhlíð er staðsett í skógar-rjódri við Bústaðarveg í Reykjavík. Að rekstri Bjarkarhlíðar standa frjáls félags-samtök, ríki, stofnanir og Reykjavíkurborg.

Markmið Bjarkarhlíðar er að veita stuðning og ráðgjöf á einum stað fyrir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum hvort sem um er að ræða eldri mál eða ný. Jafnframt að fræða um ofbeldi, eðli þess og afleiðingar og gefa skýr skilaboð um að ofbeldi sé ekki liðið.

Meðal samstarfsaðila Bjarkarhlíðar eru, Reykjavíkurborg, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Stígamót, Drekaólóð, Samtök um kvennaathvarf, Kvinnaráðgjöfin, dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og Mannréttinda-skrifstofa Íslands.

Í Bjarkarhlíð eru í boði viðtöl og ráðgjöf frá félagsráðgjöfum, lögreglu og lögfræðingum, fræðsla og námskeið. Þjónustan er samhæfð og í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu sem aðstoðar við að tryggja öryggi þolenda og meta hættu á frekara ofbeldi. Veittar eru upplýsingar um kærufærli og réttarvörsluferfi hjá lögreglu.

Frá mars 2017 til september 2020 hafa 1895 einstaklingar leitað til Bjarkarhlíðar. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustu Bjarkarhlíðar á tímum Covid-19 og hefur aðsókn aukist um 30% á þessu ári. Þetta sýnir ótvíæða þörf á þessu úrræði fyrir þolendur ofbeldis. Yfir helmingur þeirra sem leita sér aðstoðar í Bjarkarhlíð eru þolendur heimils-

ofbeldis. Nær allir eru Íslendingar og mikill meirihluti konur þótt karlar séu einnig meðal þolenda og eru úrræði Bjarkarhlíðar óháð kyni og þjóðerni. Til Bjarkarhlíðar hafa einnig leitað þolendur kynferðisofbeldis, vændis og annars ofbeldis. Öll þjónusta í Bjarkarhlíð er þolendum ofbeldis að kostnaðarlausu.

Bjarkarhlíð bendir á að meðal hættu-merkja um að ofbeldi eigi sér stað eða sé í vændum sé að skapa ótta, ala á sektarkennd, koma inn skömm og beita hótunum. Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir, þar á

meðal líkamlegt, andlegt, kynferðislegt, fjárhagslegt, efnislegt, vanræksla, hótanir, að elta og vakta og mismunun. Hér er til dæmis átt við að hrinda, slá, beita kynferðislegri áreitni, nauðga, að halda fé frá einstaklingum, eyðileggja hluti, einangra frá aðstoð, sitja fyrir fólki, beita stafrænu ofbeldi, mismuna vegna kyns eða uppruna eða með skerðingu af öðru tagi.

Við hvetjum alla til að kynna sér þau úrræði sem eru í boði fyrir þolendur ofbeldis (<https://www.bjarkarhlid.is/>)

en hægt er að leggja baráttunni gegn ofbeldi lið með því að segja frá úrræðum eins og Bjarkarhlíð sem víðast, styrkja samtök sem vinna gegn ofbeldi og láta í ljós að við líðum ekki ofbeldi í neinni mynd. Ef þú býrð við eða hefur lent í ofbeldi, leitaðu þér hjálpar, það er sjálfsagt og rétt.

Að lokum langar mig að þakka Soroptimistum fyrir stuðninginn við baráttuna gegn ofbeldi. Sérstakar þakkir fær Ingibjörg Jónasdóttir fráfarandi forseti fyrir stuðninginn til Bjarkarhlíðar í ár.

Ragna Björg Guðbrandsdóttir
teymisstjóri Bjarkarhlíðar og Soroptimistasystir í Árbæjarklúbbi.





Forsetar hittast

Fyrrverandi forsetar SIÍ mættu í móttöku hjá Ingibjörgu núverandi landsforseta í Hamraborginni í júní í tilefni af hátíðar- og baráttudegi kvenna, 19. júní.

Það var mikið spjallað og rifjað upp.

Það er alltaf gott að heyra frá reynsluboltum innan samtakanna sem geta bent á hluti sem ekki mega gleymast. Það má geta þess að nokkrar hugmyndir eru strax komnar í framkvæmd.



September er mánuður vináttunnar

Sigrún Arnardóttir og Eiríka Ásgrímsdóttir eru systur í Árbæjarklúbbi. Þær hafa verið vinkonur í yfir 40 ár. Það er ómetanlegt að eiga góða vini og að eiga vini frá unglingsárum sem hafa fylgt manni í gegnum lífið í blíðu og stríðu er ekki sjálfgefið. Slík vinátta byggir á traustum grunni.

Við Eiríka bjuggum nálægt hvor annarri á unglingsárum í Fossvoginum, vorum samferða í Réttarholtsskóla og svo í MS. Við áttum okkar frumburði með þriggja mánaða millibili og einnig börn númer tvö en svo tók Eiríka af skarið og eignaðist sitt þriðja barn langt á undan mér. Þannig að við vorum líka samferða sem ungar mæður og gátum leitað til hvor annarrar á þeim mikilvæga tíma.

Við erum saman í saumaklúbb með 10 vinkonum úr Fossvoginum og er mikið fjör þegar þessi hópur hittist en það gerum við reglulega. Við köllum okkur fuglastríð úr Fossvogi og stöndum sennilega vel undir því nafni því þegar við hittumst erum við vel háværar, tölum og hlægjum mikið.



Vináttan er dýrmæt og mikilvægt að við ræktum vini okkar, það er ekki sjálfsgagt að eiga trausta og góða vini. Með góðri vináttu þá bætum við upp og styrkjum hvor aðra.

Sigrún Arnardóttir
Árbæjarklúbbi

E-KLÚBBAR

Fyrir jól kallaði SIE eftir því að öll landssambönd myndu tilnefna e-klúbba tengil. Ég fékk það hlutverk fyrir hönd Íslands. Hlutverk tengilsins er að kynna hugmyndina í sínum löndum og miðla upplýsingum frá verkefnahópi SIE. Verkefnahópnum stjórna Francoise Lathuille, Frakklandi, Sabine March, Austurríki og Erica Solberger, Sviss. Fyrsta verk hópsins var að senda könnun á öll landssamböndin til að vita hver staðan væri í hverju landi fyrir sig. Í mörgum landssamböndunum er þessi vinna langt komin og sums staðar eru nú þegar e-klúbbar. Fyrsta vefráðstefnan (seminaríð) var 26. maí og önnur síðan 6. júlí. Með mér mættu Þóra Guðnadóttir sendifulltrúi og María Björk Ingvadóttir talskona.

Hugmyndin um e-klúbba kemur fram í Lucerne 2018 vegna fækkunar í mörgum landssamböndum. En auk þess sjá margar systur þetta sem framþróun þar sem yngri konur eru vanar því að samskipti fari mikið fram á Netinu. Við þannig samskipti skiptir staðsetning ekki máli. Hefðbundin leið okkar við að hittast, borða og njóta samveru höfðar ekki til allra kvenna eða líka hentar bara ekki taktinum í þeirra lífi. Samskipti á Netinu

auðveldar t.d. konum að hittast sem eru mikið á ferðinni vegna vinnu, eða búa tímabundið erlendis vegna vinnu/náms, eru með ung börn heima eða búa við einhvers konar fötlun.

Markmiðið með að halda vefráðstefnu var að kynna vinnu þeirra landssambanda

sem eru búin að stofna e-klúbba eða eru búin að vinna alla undirbúningsvinnu. Sum lönd eins og t.d. Svíþjóð eru búin að stilla upp kynningarefni og ákveða að landssambandið muni standa fyrir stofnun e-klúbba. En við erum enn að bíða eftir lagasetningu frá SIE. Önnur lönd eins og t.d. Ítalía eru farin af stað. Þar var stofnaður e-klúbbur í nóvember 2019. Nú eru í honum 46 konur, allar undir 35 ára aldri og staðsettar í 5 löndum. Þetta er alveg frábær árangur hjá þeim! Vefráðstefnurnar eru líka hugsaðar sem vettvangur til að deila hugmyndum og fá nýjar hugmyndir frá þeim sem eru lengra komnar í þessari vinnu. En þetta efni er allt aðgengilegt fyrir systur á innra vef SIE (það þarf að skrá sig inn til að geta séð þetta efni)

<https://extranet.soroptimisteurope.org/sieextranet/pages/protected/download/downloads.jsf>

Ég skora á ykkur systur að fara þarna inn og kynna ykkur þetta áhugaverða efni um e-klúbba!

Á síðasta haustfundi var góð kynning á e-meðlimi. Þar var systrum skipt í vinnuhópa og samtalið um e-meðlimi tekið. Niðurstöðurnar voru birtar á innri vefnum okkar (það þarf að skrá sig inn til að geta séð þetta efni)



https://www.soroptimist.is/images/Fundir/Haust/2019_Kynning_sendifulltrua_Syndaradild.pdf

https://www.soroptimist.is/images/Fundir/Haust/2019_Afrakstur_smidjur.pdf

Við samþykktum eftirfarandi lagabreytingu á síðasta landsambandsfundi sem tekur gildi 1. október:

V. grein – Félagsaðild.

1. c) e-meðlimur. Klúbbi er heimilt að hafa féлага sem er e-meðlimur. Sá félagi þarf ekki að mæta í eigin persónu á fundi.



En verður að mæta í stafrænum heimi, eða í eigin persónu, að lágmarki á 5 fundi á ári eins og aðrir félagar. Stjórn klúbbsins skal sjá til þess að e-meðlimur geti mætt í stafrænum heimi s.s. með því að streyma fundi sem e-meðlimur lætur vita að hann ætli að

mæta á eða á annan hátt sem gerir e-meðlimi mögulegt að mæta á fundinn. Að öðru leyti gilda sömu lög og reglur um e-meðlimi/féлага og aðra féлага í Soroptimistasambandi Íslands. Þar með talið greiðslu grunngjalda til klúbbsins, landsambandsins og SIE.

Það er spennandi að sjá hvort við munum eignast strax e-systur í klúbbunum okkar.

Við höfum allar lært að vinna meira á netinu á covid-tímum. En ég vonast til að fá tækifæri til að halda sambærilega kynningu á e-klúbbum og gert var með e-meðlimi á haustfundi 2021.

Margrét Rögnvaldsdóttir
e-klúbba tengill



MENTORVERKEFNI SÍÍ

Mentorverkefnið hefur verið í vinnslu hjá stjórn SÍÍ nú í nær tvö ár. Það er komið á skrið víða í samböndum Soroptimista í Evrópu en Ásta Snorradóttir tók að sér að stýra verkefninu til að byrja með ásamt fyrrverandi varaforseta Steinþóru Eir Hjaltadóttur. Héldu þær nokkra fundi með áhugasömum systur og fóru yfir efni sem er á SIE vefnum, meðal annars handbók sem Ásta tók að sér að þýða hluta úr.

Á vordögum kom beiðni frá SNLA (Soroptimist Nordic Leadership Academy) verkefninu um að senda inn upplýsingar um systur sem hefðu áhuga á að bjóða sig fram til að vera mentorar fyrir stúlkurnar sem taka þátt í næsta námskeiði og eru þrjár systur komnar þar á lista.

Ákveðið var að fara svipaða leið og norsku systur okkar en þær bjóða erlendum konum á aldrinum 20 til 45 ára með háskólamenntun og góða kunnáttu í norsku upp á liðveislur. Við ákváðum að taka okkur þetta til fyrirmyndar en gefa erlendum konum hvar sem þær eru staddar í lífinu tækifæri til að fá okkar aðstoð.

Nú eru fleiri systur að bætast í mentorhóp okkar og munum við halda fund um verkefnið í haust. Upplýsingar á íslensku um mentorstarfið verða settar á vefinn en búið er að þýða spurningalista og umsóknarblað sem hægt er að fylla út og senda til ij@host.is. Einnig bendum við áhugasömum systur á að kynna sér efni um mentorverkefnið á vef SIE.

Við hlökkum til að geta boðið upp á mentortækifæri bæði fyrir ungar stúlkur og erlendar konur auk þess að kynna verkefnið betur fyrir systur.

*Fyrir hönd mentorverkefnis SÍÍ
Ingibjörg Jónasdóttir forseti*

En hvað er mentor?

Það er ekkert nýtt í sjálfu sér, við þekkjum það einnig sem leiðsögn eða liðveislur. Við kjósum að kalla það mentor í samræmi við verkefnið í Evrópu.

„Mentorship“ eru tengsl milli reyndari eða fróðari manneskju sem aðstoðar reynsluminni einstakling eða einstakling með minni þekkingu. Mentorinn eða leiðbeinandinn getur verið eldri eða yngri en sá sem fær aðstoðina en verður að hafa ákveðna þekkingu og reynslu. Hann þarf ekki að vera í sömu starfsgrein.

Milli „mentors“ og „mentee“, eða þess sem þiggur leiðsögnina, skapast ákveðin náms- og þróunarsamvinna, það er milli einstaklings með mikla reynslu og einhvers sem vill læra.

Mentor þarf ekki að vera sérfræðingur í þessum samskiptum en oft geta samskipti við sérfræðinga verið nauðsynleg til að öðlast færni og leiðbeinir mentorinn viðkomandi þá þar um.

Okkur ber að nýta það að við erum starfsgreina-samtök og höfum tengsl um allt samfélagið. Einnig erum við með þessu verkefni að efla bæði ungar konur og erlendar til að fóta sig í samfélaginu, þroskast og verða betri samfélagsþegnar.

Mentorverkefni – Soroptimistasamband Íslands er lokað fésbókarsíða einungis fyrir þá sem vilja leggja hópnum lið.

<https://www.facebook.com/groups/472572983370646>.



SNJÓDRÍFUR

Trú, von og kærleikur

Í byrjun júní lögðu ellefu konur sem kalla sig Snjódrífurnar upp frá Jökulheimum en ætlunin var að þvera Vatnajökul á skíðum frá vestri til austurs alls um 165 km leið, þar af 150 km á jökli. Aldrei áður hafði svo stór hópur kvenna farið yfir jökulinn og heldur ekki gengið svona langa leið.

Forsprakinn var Sírý sem vildi með leiðangrinum sýna það og sanna að þrátt fyrir að hafa fengið krabbamein tvisvar sinnum væri með viljann að vopni og með því að fara eitt skref í einu allt mögulegt. Leiðangurskonur vildu láta gott af sér leiða og ákváðu að styrkja Kraft, félag ungs fólks með krabbamein, og Líf, styrktarfélag kvenna-deildar Landspítala undir samheitinu Lífskraftur. Fyrir skemmstu afhentu þær þessum félögum samtals sex milljónir.

Árbæjarklúbburinn lagði söfnuninni lið og til okkar komu á septemberfundinn tvær af Snjódrífunum, þær Guðrún Sigríður Ágústsdóttir (Sírý) og Anna Sigríður Arnardóttir og sögðu okkur frá ferðinni. Eftir að hafa tekið ákvörðun um að fara yfir jökulinn hafði Sírý samband við konur sem allar sögðu strax já. Tók þá við strangur undirbúningur undir leiðsögn leiðangursstjórnanna Vilborgar Örne Gissurardóttur og Brynhildar Ólafsdóttur.

Ferðalagið sem tók níu daga, frá 7.-16. júní, gekk ekki þrautlaust fyrir sig. Ísrigning bleytti farangur margra leiðangurskvenna, mótvindur með 50 kg „púlku“ (sleða) í eftirdragi reyndi á en áfram héldu þær, í alls konar veðri, þrátt fyrir slitin krossbönd, skaddaða liðþófa, tapaðar tánegllur, sólbruna á tungu og í munn, hæsæri og blöðrur. Yfir jökulinn komust þær með ótrúlegri samheldni, samkennd, þrautsegju og gríðarlegri kvenorku.

Það er ekki annað hægt en að fyllast stolti yfir þessum hugrökku kynsysturum okkar sem sýndu að konur þora, vilja og geta en Sírý og Anna Sigga sögðu báðar já þegar þær voru spurðar að því hvort þær væru til annan leiðangur.





KYNNINGAREFNI

Verkefnastjórar ásamt talskonu hafa gefið út á íslensku bækling frá Evrópusambandi Soroptimista (SIE) sem lýsir í stuttu máli hlutverk, verkefnum og boðun Soroptimista.

Hildur Jónsdóttir frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands þýddi bæklinginn fyrir Soroptimistasamband Íslands. Heiti hans er „Verkefni og boðun“ (Programme & Advocacy). Bæklingurinn er á A4 formi en hægt er að prenta hann út og brjóta saman í þrennt. Bæklingurinn er aðgengilegur fyrir allar systur á innri vef okkar, soroptimist.is, undir kynningarefni. Við mælum með að systur prenti út bæklinginn og gefi nýjum systurum og þeim sem áhuga hafa á starfsemi Soroptimista.

Ellen Tyler
Kópavogsklúbbi

BOÐUN

Soroptimistar verja réttindi kvenna og fjalla um málefni þeirra.

Soroptimistar taka þátt í pallborðs- umræðum og fundum um réttindi kvenna.

Soroptimistar eru virkar í baráttunni fyrir réttindum kvenna með því að taka þátt í þjóðfélags- umræðunni og styðja við aðgerðir eins og „Röðagyllum heiminn“.

Soroptimistar láta raddir kvenna og stúlkna heyrast um heim allan með því að veita sveitarstjórnur og ríkisstjórnur virkt aðhald.

ADGERDIR: *Boðun* helst í hendur við starf að *verkefnum* samtakanna og með henni er leitast við að hafa áhrif á alla hlutaðeigandi og breyta viðhorfum í samfélaginu.



EVROÐUSAMBAND SOROPTIMISTA

„BÆTUM HEIMINN
– BREYTUM HEIMA“



Hafið samband:
soroptimist@soroptimist.is

Fylgist með okkur á:
www.soroptimist.is
www.systir.is
www.soroptimisteurope.org
f Soroptimistar Ísland



VERKEFNI
OG BOÐUN
Helst í hendur

VIÐ STÖNDUM
MEÐ KONUM



EVROÐUSAMBAND
SOROPTIMISTA

VERKEFNI

Soroptimistar vekja til vitundar um félagslegan og stjórnmála- legan vanda.

Soroptimistar valdefla, hvetja og liðsinna konum og stúlkum.

Soroptimistar vinna að marg- vislegum verkefnum.

Soroptimistar aðstoða við að móta og hrinda í framkvæmd verkefnum sem hafa að markmiði að bæta líf kvenna og stúlkna og mæta áskorunum sem eru hnattrænar í eðli sínu en kalla á að unnið sé að í samræmi við staðbundnar aðstæður á hverjum tíma.

ADGERDIR: *Verkefnin* eru örjúfanlega tengd *boðun* með því að framkvæmdin er aðlöguð markmiðum um að efla stöðu kvenna hvarvetna um heim.



SENDIFULLTRÚAFRÉTTIR

Fyrirhugað var að halda sendifulltrúafund Evrópu-sambands Soroptimista í Prag þann 25. júní 2020 en þá kom Covid og öll plön breyttust. Lengi vel var haldið í vonina um að fundurinn yrði haldinn en loks var ákveðið að fella hann niður en hafa þess í stað fjarfund, einungis með sendifulltrúum og stjórn Evrópusambandsins. Fjarfundurinn fór fram 27. júní en hann sátu fyrir hönd SÍ sendifulltrúarnir Unnur Óladóttir, Árbæjarklúbbi og Þóra Guðnadóttir Kópavogsklúbbi. Fundarstjóri var Hafðís Karlsdóttir, Kópavogsklúbbi. Á fundinum voru aðeins afgreidd nauðsynleg mál eins og samþykktir á skýrslum, úthlutun styrkja og kosningar um embætti. Maria Isabel Mendes Pereira var réttkjörin gjaldkeri SIE 2021-2023 í seinni atkvæða- greiðslu þann 6. júní. Gertrud Åström var kjörin fulltrúi SIE hjá Hagsmunasamtökum evrópskra kvenna, European Women's Lobby Skólastyrkir voru veittir og báðar umsóknir frá Íslandi voru samþykktar. Styrkina hlutu Theodora Thoroddsen, og Renata Emilsson Peskova en meðmælendur þeirra voru Bakka- og Seljaklúbbur og Reykjavíkurklúbbur.

Síðan fjarfundurinn var haldinn í júní varð sú breyting að sendifulltrúafundurinn sem halda átti í Prag 19. september, var felldur niður en kosið var rafrænt í þau tvö embætti sem kjósa átti í, þ.e. Communication Officer og annan fulltrúa okkar hjá SI. Þann 21. september lauk kosningu



í framangreind embætti og var Regine Van Tomme kosin Communication Officer og Kirsti Guttormsen fulltrúi SI 2021-2023. Báðar hlutu 2/3 hluta atkvæða og eru því réttkjörnar. Soroptimist International of Europe, SIE, er net yfir 33.000 Soroptimista sem vinna saman að því að hvetja til aðgerða og skapa tækifæri til að umbreyta lífi kvenna og stúlkna í gegnum alþjóðlegt tengslanet félaga og alþjóðasamstarf.


Árið 2021 munum við halda upp á 100 ára afmæli okkar og dagana 2.-4. júlí mun Evrópuþing Soroptimista verða haldið í Kraká í Póllandi. Haldnir verða fundir og vinnustofur fyrir þátttakendur t.d. um forystu, kvenréttindi, menntun, konur í stafrænum heimi, loftslag og menningu. Þarna geta systur eignast nýjar vinkonur og styrkt tengslanetið.

Við skulum vona að heimsfaraldur kórónuveirunnar komi ekki í veg fyrir að við fögnum 100 ára afmæli Soroptimista. Við bjóðum þér að vera með okkur og nýta þér þennan einstaka atburð og nálgast þannig samfélag Soroptimista.

Ítarlegri skýrslu verkefnastjóra má finna á vef sambandsins.

*Unnur Óladóttir
Þóra Guðnadóttir*





MINNINGARORÐ

Í aprílblaði *Fregna* 2020 birtist grein um Aðalbjörgu Guðmundsdóttur í tilefni af 100 ára afmæli hennar. Aðalbjörg lést 10. júlí s.l. og var jarðsöngin þann 27. júlí. Systur hennar í Reykjavíkurklúbbi rituðu eftirfarandi minningarorð sem birtust í *Morgunblaðinu* á útfarardaginn.

Systur í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur kveðja í dag kæra systur, Aðalbjörgu Guðmundsdóttur. Aðalbjörg náði hundrað ára aldri 15. mars sl. og tíu dögum fyrir afmælið sótti hún góðgerðarfund hjá Reykjavíkurklúbbi, hress og glöð að vanda. Aðalbjörg var mjög ern til hinsta dags og það var yndislegt að fá fréttir af því að hún hefði náð að heimsækja ættaróðalið sitt kæra, Harðbak á Melrakkasléttu, núna í sumar. Í tilefni 100 ára afmælisins birtist viðtal við Aðalbjörgu í *Morgunblaðinu* og þar sagði hún að ekkert hefði skort á Harðbak þegar hún var að alast þar upp. Þar var silungsveiði, æðarvarp og dúntekja og sinnti Aðalbjörg dúnhreinsuninni fram undir það síðasta.

Aðalbjörg útskrifaðist með kennarapróf tvítug að aldri árið 1940 og starfaði sem kennari á Raufarhöfn, í Hafnarfirði, við Austurbæjarskólann í Reykjavík og við Barnaskólann í Keflavík í yfir tuttugu ár, þar af yfirkennari í fjögur ár. Síðustu áratugina sinnti hún kennslu yngri barna með afar góðum árangri. Í Keflavík sat Aðalbjörg í ýmsum nefndum á vegum bæjarins, m.a. í fræðsluráði. Frá 1977 til 1988 kenndi Aðalbjörg við Ölduselsskóla í Reykjavík og lauk þar hátt í 50 ára starfsævi sem kennari.

Aðalbjörg var fyrsti formaðurinn í Soroptimistaklúbbi Keflavíkur sem var stofnaður 1975. Í afmælisriti Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur frá 2009 birtist viðtal við Aðalbjörgu þar sem hún segir frá því hvað hafi orðið til þess að hún gekk til liðs við Soroptimistahreyfinguna. Henni leist vel á að ganga í starfsgreinaklúbb sem hefði það markmið að styrkja menningar- og velferðarmál og hún beitti sér fyrir því frá upphafi að klúbburinn styrkti sjúkrahúsið í Keflavík. Aðalbjörg gekk síðar til liðs við Reykjavíkurklúbbinn á árinu 1979, tók alltaf virkan þátt í starfi klúbbsins og gegndi mörgum embættum fyrir hann í gegnum tíðina.



Aðalbjörg starfaði sem ritari, gjaldkeri og fulltrúi á landsambandsþingum auk margháttaðra nefndarstarfa. Aðalbjörg var gerð að heiðursfélaga í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur árið 2006. Þá var Aðalbjörg einnig virk á vettvangi Soroptimistasambands Íslands, tók þátt í stofnfundi þess og gegndi embætti varaforseta.

Dóttir Aðalbjargar, Margrét Rögnvaldsdóttir, fetaði í fótspor móður sinnar og gekk til liðs við Soroptimistahreyfinguna. Margrét skipulagði fyrir tveimur árum glæsilega systraferð um Melrakkasléttu og þá fengu systur úr Reykjavíkurklúbbi höfðinglegar móttökur hjá Aðalbjörgu á ættaróðalinu á Harðbak.

Systur í Reykjavíkurklúbbi minnst Aðalbjargar með mikilli virðingu og þakklæti og votta Margréti, Elínu og Sæmundi og fjölskyldum þeirra innilega samúð.

Sigrún Þorgeirsdóttir
formaður Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur



Ísland er land þitt

Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.
Ísland er landið sem ungan þig dreymir,
Ísland í vonanna birtu þú sérð,
Ísland í sumarsins algræna skróði,
Ísland með blikandi norðljósa traf.
Ísland að feðranna afrekum hlúði,
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
Íslensk er sú lind, sem um æðar þér streymir.
Íslensk er vonin, af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin, albjört sem dagur,
Íslensk er lundin með karlmennskuþor.
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma
Íslandi helgar þú krafta og starf
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
íslenska moldin, er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst, meðan sól gyllir haf.

Höfundur: Margrét Jónsdóttir